



Fundur í Umhverfisnefnd Grunnskóla Snæfellsbæjar, í Ólafsvík
Fimmtudaginn 11. nóvember 2020 kl 10:10, í textílmenntstofu

Dagskrá:

1. Kynning á fulltrúum
2. Staða verkefnisins
 - a. Heimasíðan kynnt, sjá tengill
<https://sites.google.com/gsnbskoli.is/graenfanignsb/fors%C3%AD%C3%B0a>
3. Huga að þemum fyrir næstu tvö ár
4. Mat á þemum verkefnisins
5. Önnur mál





1. Hilmar setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins og bauð nýja fulltrúa velkomna. Farið var yfir umhverfisfulltrúa bekkjanna og athuga þarf fulltrúa 5. bekkjar. Setja þarf inn nýja fulltrúa í 8. bekk og 9. bekk Hanna er fyrir 8. bekk og Ágúst og Stefaníu í 9. bekk.
2. Hilmar fór yfir heimasíðu Grænfánaverkefnisins og hverjar voru helstu áherslur skólans í umhverfismálum á síðasta skólaári. Einnig talaði hann um hvaða verkefni gengu ekki vel. Hanna í 8. bekk spurði hvað hafi ekki gengið vel í verkefninu um hnattræna jafnréttið.
3. Farið var yfir þemu og ákveðið var að halda kynningarfund, sem áætlaður er 25. nóvember með nemendum á mið- og unglingastigi skólan og fá þau svo til að kjósa um hvaða verkefni eigið að ráðast í næstu tvö árin.
4. Farið var yfir hvernig verkefnið er metið og nemendum sýndur matslistinn sem farið er eftir við mati á árangri.

Fundi slitið 10:40